# SAMAN GEGN OFBELDI

OFBELDISVARNARNEFND 15. MARS 2021

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is

# SAMAN GEGN OFBELDI



Saman gegn ofbeldi er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfsins og Heilsugæslunnar á Höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið hófst í janúar 2015.

Markmið samstarfsins er að auka þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi.

*… Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, þ.e. gerandi og þolandi eru skyldir, tengdir eða hafa sögu um tengsl….*

# STÝRIHÓPUR



# HVAÐ SKIPTIR MÁLI Í SAMSTARFSVERKEFNUM?

- ✓Skapa traust og þá verður samvinnan góð.
- ✓Hlusta á sjónarmið annarra – það er mismunandi nálgun/sjónarhorn eftir því hvaða starfi fólk sinnir.
- ✓Vera hreinskiptin þegar það þarf, þora að takast á en gera það með virðingu.
- ✓Finna leiðir til að vera í samvinnu við grasrótarfélög og háskólasamfélagið (þau sem eru ekki þátttakendur).
- ✓Taka ábendingum vel.
- ✓Vera vakandi fyrir tækifærum til að geta betur, grípa tækifæri til umbóta.

# ÁHERSLURNAR Í VERKEFNINU





Kyn
Fatlað fólk
Aldraðir
Börn
Saman gegn ofbeldi
LGBTQI+
Innflytj-
endur

# HEIMILISOFBELDI – HVERSU ALGENGT?



Í rannsókn á ofbeldi gegn konum (18-80 ára) sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2010 kemur fram:

- ✓Að rúmlega 42% aðspurðra kvenna á Íslandi hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma eftir 16 ára aldur.
- ✓Að 22% hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum.
- ✓Í rannsókn Aþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem er nýbúið að birta kemur fram að fjórðungur kvenna hefur verið beittur ofbeldi í nánum samböndum og þriðjungur kvenna 15 ára og eldri verið beittur einhvers konar líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

….Ofbeldi hefur skammtíma og langtíma áhrif á heilsu fólks…...

# Áföll auka hættu á hjarta- og æðasjúkdómum

11.04.2019 - 17:09 Heilbrigðismál · Innlent



Mynd: Grímur Jón Sigurðsson / RÚV

Þeir sem hafa glímt við áfallastreituröskun eru í aukinni áhættu á að greinast síðar með hjarta-og æðasjúkdóma. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar vísindamanna við Háskóla Íslands og Karolinska

**ÁSRÚN BRYNJA INGVARSDÓTTIR**
Fréttastofa RÚV
Senda skilaboð

Unnur Anna Valdimarsdóttir

https://www.ruv.is/frett/afoll-auka-haettu-a-hjarta-og-aedasjukdomum

Örorkubætur, skv. vef TR í jan. 2021: Konur 62%/karlar 38%

# Áföll og streita breyta því hvernig líkaminn virkar

24.01.2021 - 18:07

Andleg líðan · Áföll og streita · Geðheilsa · heilbrigðismál · Heimilislækningar · Innlent · læknadagar · Læknavísindi · vísindi



Mynd: RÚV

Heimilislæknir segir alvarleg áföll í barnæsku geta haft langvarandi áhrif á hin ýmsu líffærakerfi og stytt lífslíkur fólks um allt að tíu til fimmtán ár. Rannsóknum á áhrifum áfalla og streitu á líkamlega

**ARNHILDUR HÁLFDÁNARDÓTTIR**
Fréttastofa RÚV

Margrét Ólafía Tómasdóttir

https://www.ruv.is/frett/2021/01/24/afoll-og-streita-breyta-thvi-hvernig-likaminn-virkar

# RANNSÓKN(IR) UNNAR VALDIMARSDÓTTUR OG FLEIRUM – ÁFALLASAGA KVENNA

Nýgengi geðraskana eykst í kjölfar áfalla þ.m.t. ofbeldis – kynferðisofbeldi, heimilisofbeldi.

Tengsl áfalla og áfallatengdra raskana við þróun líkamlegra sjúkdóma.

Fólk með áfalla- og streitutengdar raskanir; áfallastreituröskun, áfallastreituviðbrögð, aðlögunarröskun er í um:

30% aukinni áhættu á fjölmörgum sjálfsofnæmissjúkdómum.

30-60% aukinni áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum og

50% aukinni áhættu á ýmsum lífshættulegum sýkingum

# ÚTGÁFA Á VEGUM VERKEFNINSINS BÆKLINGAR OG VEGGSPJÖLD





















# FJÖLDI ÚTKALLA/DVALAR – LÖGREGLAN, REYKJAVÍKURBORG OG DVÖL Í KVENNAATHVARFI









# FJÖLDI BARNA Í KVENNAATHVARFINU 2014-2020



# TENGSL GERENDA OG BROTAÞOLA EFTIR KYNI BROTAÞOLA 2020. OFBELDI AF HÁLFU....



# TEGUND OFBELDIS EFTIR KYNI BROTAÞOLA 2020



# HEIMILISOFBELDI OG BÖRN

Þegar við erum að tala um heimilisofbeldi og börn og ungmenni erum við að tala um tvennt:

- ✓Börn sem búa á ofbeldisheimilum, en verða ekki sjálf fyrir ofbeldinu.
- ✓Börn sem verða sjálf fyrir ofbeldi.

Börn og unglingar eiga ekki að hafa þá ábyrgð að stöðva ofbeldið.

Börn geta oftast ekki flutt neitt annað.



# HLUTFALL ÞEIRRA ÚTKALLA ÞEGAR BÖRN VORU MEÐ LÖGHEIMILI Á VETTVANGI – ÚTKÖLL REYKJAVÍKURBORGAR 2020



# VITA BÖRN AF OFBELDINU?

Íslenskar rannsóknir sýna að börn vita alltaf af ofbeldinu.

Óöryggi – vanmáttur - reiði

„Á meðan á ofbeldinu stóð gat ég ekki gert neitt ég var alltaf of hræddur“ (Tinni). Bls. 150

„Ég veit ekki hvort ég hafi verið þunglyndur en ég svaf alltaf rosalega mikið og talaði stundum ekki neitt (K í elsta hópi). Bls. 155

Úr bókinni Ofbeldi á heimili með augum barna, ritsj. Guðrún Kristinsdóttir



# BÖRN, UNGLINGAR OG OFBELDI



Barnaverndarstarfsmaður fer í útkall.

Boðið upp á viðtöl – þau hafa verið frá einu upp í tíu.

Bæklingur um áhrif ofbeldis á börn.




Það hefur forvarnargildi að huga vel að börnum.

# INNFLYTJENDUR

Hærra hlutfall brotaþola eru innflytjendur en þýðið segir til um

Hærra hlutfall gerenda eru innflytjendur en þýðið segir til um.

138 konur og 110 börn dvöldu í Kvennaathvarfinu á árinu 2020 um lengri eða skemmri tíma, 65% dvalarkvenna voru af erlendum uppruna.

**„Fólk af erlendu bergi þekkir ekki leiðirnar, hefur ekki tengslanet, fólk veit ekki hvert það á að leita og býr jafnvel við lygar og kúgun sem er erfitt að leiðrétta“ (Starfsmaður baranverndar Reykjavíkur)**

# HAFA Í HUGA AÐ SUMIR HÓPAR ERU LÍKLEGRI TIL AÐ VERÐA FYRIR HEIMILISOFBELDI EN AÐRIR

- ✓Konur
- ✓Fatlaðar konur eru á heimsvísu tvöfalt líklegri en ófatlaðar konur til að hafa orðið fyrir heimilisofbeldi (Sameinuðu þjóðirnar, 2017).
- ✓Hinsegin fólk.
- ✓Innflytjendur.



# ÁSKORANIR






Stækkandi hlutfall aldraðra – sumir í þeim hópi munu ekki hafa unnið úr áföllum

Fjölbreyttara samfélag – þarf að hugsa um marga þætti samtímis

Börn – erum við að veita þeim nægan stuðning?

Húsnæðismál - brotaþolar

Fjármál, sjá bls. 1 um fjármál. Verkefnið fór rúmar 12 millj. fram úr áætlun vegna launahækkana og fjölgunar útkalla







# HVAÐ SKIPTIR MÁLI

- ✓Að við leggjum öll okkar lóð á vogarskálina til að koma í vef fyrir ofbeldi – reynum að skapa samfélag þar sem ofbeldi líðst ekki
- ✓Að við séum öll vakandi fyrir því að ofbeldi á sér stað
- ✓Góð samvinna þeirra aðila sem standa að verkefninu.
- ✓Skilningur fólks í stjórnmálum.
- ✓Samvinna við grasrót og háskólasamfélagið.
- ✓Skilningur og þekking fagfólks.
- ✓Þekking almennings á birtingamyndum og eðli heimilisofbeldis.
- ✓Hugrakkt fólk sem stígur fram.

Sjá alls konar praktískt efni um ofbeldi hér:

https://reykjavik.is/saman-gegn-ofbeldi

